



Skýrsla fjölumdæmisstjóra

Starfsárið 2018-2019

Björg Bára Halldórsdóttir fjölumdæmisstjóri

Þessi skýrsla segir frá starfi fjölumdæmis 109 starfsárið 2018-2019, þess verður þó að geta að tæpir þrír mánuðir eru eftir af starfsárinu þegar þetta er skrifað og tveir mánuðir þegar skýrslan er flutt. Töluvert starf er því eftir á þessu starfsári.

Starf fjölumdæmisstjóra er margþætt en er í aðalatriðum þetta:

1. Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar og ber þannig ábyrgð á skrifstofu, fjármálum ásamt gjaldkera og öðru því sem viðkemur daglegum rekstri hreyfingarinnar.
2. Situr í umdæmisstjóraráði og fer með eitt af þremur atkvæðum þar. Hin atkvæðin eru í höndum umdæmisstjóranna tveggja. Umdæmisstjóraráð hefur ákvörðunarvald á milli þinga.
3. Ber ábyrgð á erlendum samskiptum svo sem á Evrópuþingi og í Norrænu samstarfi.
4. Er svo kallaður GAT stjóri sem þýðir að hann hefur umsjón með félagamálum GMT, leiðtogamálum GLT og verkefnum GST.

Umdæmisstjóraráð, fjölumdæmisstjóri ásamt umdæmisstjórunum þeim Geirþrúði Fanneyju Bogadóttur í 109 A og Sigfríð Andradóttur í 109B, vinnur saman að öllum þessum verkefnum og tekur allar þær ákvarðanir sem ekki eru lagðar fyrir þing.

Starfið í vetur

Umdæmisstjóraráð (Fjölumdæmisráð). Ný lög gera ráð fyrir fjórum fjölumdæmisráðsfundum á ári. Ekki tókst að koma þeim fyrir í dagskrá vetrarins vegna þess að þingið er það snemma eða í lok apríl og svo var apríl undirlagður af vinnu við fund alþjóðastjórnar í Reykjavík og Rauða fjöður. Fjölumdæmisstjórn ákvað því í haust að aðeins yrðu þrír fundir í ár.

1. Fyrsti fundurinn var haldinn þann 25.ágúst í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð. Þetta var sameiginlegur fundur umdæma og fjölumdæmis. Farið var yfir áhersluatriði komandi starfsárs en síðan var hópavinna þar sem mótuð var vinnan framundan.
2. Annar fundurinn var haldinn í Lionsheimilinu 17.nóvember. kl.11 en fyrr um morguninn voru stuttir fundir í umdæmum. Fundurinn var jafnframt sameiginlegur með umdæmunum. Hópavinna og umræður um skýrsluskil.

3. Þriðji fundurinn sem haldinn var 23.febrúar var með sama sniði og sá annar. Hann var einnig haldinn í Lionsheimilinu eftir stutta umdæmisfundi að morgni. Fjöllumdæmisfundinn sátu því einnig fulltrúar umdæmanna. Þar var teymavinna og umræður um skýrsluskil. Á fundinum voru kynntar tillögur til breytinga á lögum um Rauða fjöður, Hjálparsjóð Lionshreyfingarinnar á Íslandi og breytingu á reglum um Kjaransorðuna. Þessar tillögur verða allar bornar upp á Fjöllumdæmisþinginu 27. apríl. Einnig var kynning á appi fyrir sykursjúka sem nefnist Retina Risk sem nánar er kynnt í verkefnahluta þessarar skýrslu.

Skýrsluskil teymanna voru í tölvupósti tímanlega fyrir fundi svo allir gætu kynnt sér innihald þeirra fyrirfram. Því voru aðeins umræður um skýrslurnar á fundunum. Umdæmisstjóraráð ákvað í byrjun starfsárs að gefa teyminum sem bestan tíma til að vinna saman á fundunum, á sama tíma og við hvöttum teymin til að hittast reglulega á Skype. Okkur þykir mjög nauðsynlegt að nýta sem best dýrmætan tíma okkar fólks og gera starfið skemmtilegt. Við stýrurnar höfum lagt mikla áherslu á að vera ekki að tvítaka hluti og höfum því skipt á milli okkar því sem við viljum koma á framfæri við fólkið okkar. Aðal atriðið finnst okkur vera að hlusta á raddir teymanna og höfum við unnið upp úr niðurstöðum teymavinnunnar. Þetta hefur leitt til árangursríkra og skemmtilegra funda að okkar mati.

Fjöllumdæmisstjórn. Við stýrurnar (Fjöllumdæmisstjórn) höfum fundað að lágmarki vikulega í vetur, flestir fundir hafa verið á Skype því búseta okkar er á þremur stöðum á landinu, Ólafsvík/Reykjavík, Njarðvík og Búðardalur. Fyrsti fundurinn sem ekki var netfundur var í febrúar. Netfundir hafa reynst okkur mjög vel, við þá sparast bæði tími og peningar. Margt hefur verið á okkar könnu í vetur og málefnið mörg sem finna þurfti úrlausnir á.

Formannafundir. Formannafundir voru tveir á starfsárinu. Þeir voru haldnir 13. og 14. október í Lionsheimilinu og í Ánni, húsnæði Lkl. Hængs á Akureyri. Þeir voru báðir mjög vel sóttir og umræður góðar.

Lionsþingið. Lionsþingið sem haldið er að þessu sinni á Hótel Sögu er í umsjón fjöllumdæmisins. Við höfum fengið duglegt og reynslumikið fólk til liðs við okkur en það eru þau Þór Steinarsson, Margrét Jónsdóttir og Hörður Sigurjónsson. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir mikið og gott starf. Strax í haust ákváðum við stýrur að gera breytingar á þinginu til þess að freista þess að fá fleiri til þings, tíminn okkar er dýrmætur og peningar líka. Við fórum þess á leit við GLT teymið sem sér um skóla embættismanna á þinginu að endurskoða námskrána með það að markmiði að stytta tímann. Einnig fórum við þess á leit við þingnefnd að hún skoði hvort hægt væri að breyta einhverju í dagskránni til styttingar, okkar tillaga var að þingið hæfist á hádegi á föstudegi til þess að spara gistinótt. Allir tóku mjög vel í okkar tillögur. Niðurstaðan varð sú að skólarnir hefjast á hádegi á föstudegi í stað föstudagsmorguns. Setningin verður seinna en vant er og sleppum við skrudgöngunni í þetta sinn. Einnig vildum við breyta svokölluðum stofugangi þar sem



fjölumdamisstjórar, umdamisstjórar og erlendir gesti heimsækja skólana og eru kynntir fyrir nemendum. Okkar tillaga var að aðeins verðandi fjölumdamisstjóri og umdamisstjórar heimsæki skólana og tali við sitt fólk sem þau munu vinna með næsta starfsár og varð það úr. Með þessum breytingum spörum við þingfulltrúum eina nótt á hóteli og hálfan dag sem þeir geta þá notað til ferðar á staðinn. Einnig mun sparast ein gistinótt embættismanna og erlendra gesta og einn boðskvöldverður sem verið hefur á fimmtudagskvöldi. Við hvetjum til þess að áfram verði skoðað hvort enn megi gera breytingar til góðs á þinginu og að sú vinna verði stöðug.

Laganefnd. Eftir mikla vinnu í lagaþýðingum og breytingum á undanförunum árum hafa nú komið tvö rýr ár í starfi laganefndar því ekki fékkst formaður fyrir nefndinni síðasta starfsár. Í ár voru teknar fyrir þær breytingar sem gerðar voru á síðasta þingi í Las Vegas og ætlar nefndin síðan að fara í að klára klúbbalögin í haust. Klúbbalögin eru langt komin, búið að þýða þau en staðfærsla eftir.

Fjármál. Ljóst er á þessum tímapunkti að við munum ná markmiðum okkar með að reka hreyfinguna með 6-7 milljóna króna hagnaði í ár, sama var upp á teningnum í fyrra svo hagur okkar hefur nú vænkast til muna. Þetta gerir okkur kleift að borga lán vegna hússins fljótar niður en annars. En þetta kemur ekki áreynslulaust, við höfum snúið við hverjum steini til þess að spara í rekstrinum. Umdæmis- og fjölumdamisfundir hafa verið í Lionsheimilinu og sparað hefur verið í matarkostnaði, börn og makar okkar stýranna hafa komið til aðstoðar við matargerð og frágang. Mikið hefur verið sparað í ferðakostnaði bæði innan lands og utan og alls staðar þar sem það er möguleiki. Við spörum einnig sendingarkostnað Lionsblaðsins sem mun skila enn meiri sparnaði á næsta ári með rafrænni blaðadreifingu. Breytingar sem áætlaðar eru á Lionsheimilinu munu svo, ef allt gengur eftir, auka tekjur okkar af útleigu salarins.

Skrifstofa Lions á Íslandi. Á skrifstofunni vinna gott starf líkt og áður þær Kolfinna Guðmundsdóttir skrifstofustjóri og Magnea Skjalddal Halldórsdóttir. Í vetur höfum við verið að vinna við að gera okkur grein fyrir vægi Medic Alert í þeirra vinnu og munum við klára þá vinnu fyrir lok starfsárs.

Lionsheimilið í Hlíðasmára. Á starfsárinu var skipað í húsnefnd, þau Guðmundur Helgi Gunnarsson úr Fjörgyn og Rannveig Yngvarsdóttir úr Fold. Áfram skal haldið við endurbætur á húsnaðinu. Það er búið að skeggræða fram og tilbaka í vetur um breytingar á húsnaðinu, að gera salinn stærri, færa eldhús og bæta við salerni. Salurinn er heldur lítill fyrir t.d. fjölumdamisfundum og fundum klúbba með 40 plús félaga og þá líka makakvöld. Einnig teljum við að með þess háttar

breytingum verði meiri útleiga til almennings. Eftir að við höfum farið í marga hringi í þessu máli, allt frá því að taka geymsluna undir eldhús og hafa geymsluskápa við eldhúsvegg í það að minnka skrifstofurými og færa eldhúsið í innri skrifstofuna. Það sem núna er verið að gera er að við höfum fengið arkitekt til þess að rissa upp möguleika burtséð frá núverandi fyrirkomulagi. Niðurstaða liggur vonandi fyrir í lok apríl og við sjáum hvað við getum unnið út frá því. Óskastaðan er að klára breytingar fyrir haustið. Félagar úr Lionsklúbbnum Víðarri hafa líkt og áður boðið fram krafta sína við þessa vinnu og færum við þeim bestu þakkir. Til eru kr. 600 þúsund í peningum til framkvæmdanna og milljón á fjárhagsáætlun ársins.

Alþjóðþingið. Alþjóðþingið í Las Vegas 2018 verður alltaf stórt í sögu Lions bæði á alþjóðavísu og á Íslandi því í fyrsta sinn var Íslendingur kosinn alþjóðaforsæti og í fyrsta sinn í Lionssögunni er það kona, Guðrún Björt Yngvadóttir. Stolt okkar er ómælt, Guðrún er mikill leiðtogi og nær vel til fólks og fór hreinlega á kostum á sviðinu í Vegas. Það voru rúmlega eitthundrað Íslendingar sem fylgdu henni til Vegas og tóku þátt í þessum merka og sögulega atburði. Þingið var allt hið flottasta og skrautlegasta og umgjörðin í Vegas ógleymanleg og óraunveruleg í raun líka.

Kjörorð alþjóðaforsæta Guðrúnar Bjartar. Sú breyting varð á síðasta ári að framvegis verður „We serve“ eða á íslensku „Við leggjum lið“ kjörorð allra forsæta. Þar fyrir utan geta þeir haft sín einkunnarorð. „Beyond the Horizon“ er Guðrúnar sýn en hennar þema er sjórinn og siglingar, nema hvað verandi Íslendingur. Hún vill að við horfum út fyrir sjóndeildarhringinn því þar sé heill heimur af þjónustu enn er ósnertur, hún vill að við náum hæstu hæðum í þjónustu okkar.

Heimsókn alþjóðaforsæta. Fyrsta heimsókn Guðrúnar Bjartar til landsins eftir kjörið var í ágúst en þá höfðum við opið hús í Lionsheimilinu henni til heiðurs. Fjöldinn allur af Lionsfólki fagnaði henni og var fullt út úr dyrum og stoltið og hamingjan mikil. Opinber heimsókn hennar var í lok nóvember sem byrjaði með dagskrá í Reykjavík sem heppnaðist vel en síðan var förinni heitið í Eyjafjörðinn þar sem Lionsfólk var búið að setja upp metnaðarfulla dagskrá með milljóna gjöfum til stofnana þar. Skemmst er frá því að segja að á einni nóttu skall á hið versta veður svo allt varð ófært bæði á landi og lofti. Þrátt fyrir ófærð á Eyjafjarðarsvæðinu tókst okkar fólk þar að halda nokkurn veginn dagskrá með fjarveru alþjóðaforsæta sem ávarpaði hátíðarkvöldverði að sunnan, þökk sé netsambandi. Þegar þetta er skrifað er á áætlun að „klára heimsóknina“ norður miðvikudaginn 17.apríl.

Alþjóðastjórnarfundur. Það er hefð fyrir því að einn af fjórum fundum alþjóðastjórnar Lions, á hverju starfsári, sé haldinn í heimalandi forsæta ef hægt er. Því var fundur Alþjóðastjórnar Lionshreyfingarinnar haldinn í Reykjavík 3. – 6. apríl s.l. Það er gríðarleg vinna að undirbúa viðburð af þessu tagi og í mörg horn að líta, en með samstilltu átaki gekk allt að óskum. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þessu einstaka verkefni lið og ég veit að gestirnir okkar héldu af landi brott alsælir með góðar minningar. Daníel Þórarinsson fyrrverandi fjölumdæmisstjóri var



formaður gestgjafanefndar ásamt Björgu Báru fjölumðæmisstjóra, Hörður Sigurjónsson sá um skemmtiatriði á kvöldverðum, Pálmi Hannesson var yfir móttökunefnd á flugvelli, Magnús Baldursson sá um upplýsingaborð á hóteli og Halldór Runólfsson um makadagskrá. Sérstaklega vil ég þakka Daníel fyrir hans miklu vinnu en segja má að hann hafi verið í hálfu starfi við undirbúninginn síðustu sex mánuði hið minnsta.

Evrópusamstarf. Evrópuþingið var haldið í Skopje í Norður Makedóníu fyrstu vikuna í október. Falleg borg sem kom á óvart en hún hefur verið tekin í gegn og í raun endurreist að hluta síðustu ár. Þingið var hið ágætasta, góðar vinnustofur og eins og alltaf þar sem Guðrún alþjóðaforseti er, þar er allt fullt úr úr dyrum, hennar aðdráttarafl er mikið, hún er stolt okkar allra. Það sem helst ber að telja frá þinginu eru kannski ný persónuverndarlög en skipaður var vinnuhópur sem á að vinna verklagsreglur fyrir Evrópulöndin.

Þáttakendur frá Íslandi voru Björg Bára Halldórsdóttir fjölumðæmisstjóri og maður hennar Sigurjón Bjarnason, Ellert Eggertsson vara fjölumðæmisstjóri og kona hans Júlíana Guðmundsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir ungmennaskiptafulltrúi og vinkona hennar Guðrún Snæbjört Þóroddsdóttir úr Lkl. Æsu auk Guðrúnar Bjartar og Jóns Bjarna eins og áður sagði. Fjölumðæmisstjóri og ungmennaskiptastjóri voru á kostnað Lions á Íslandi en aðrir á eigin vegum.

Norðurlanda samstarf NSR. Samstarf í samstarfsráði Norðurlanda NSR er okkar litla Lionslandi mjög mikilvægt. Þar er sameiginlegur vettvangur okkar til að vinna með hinum Norðurlöndunum að sameiginlegum verkefnum, ræða og sammælast um alþjóðasamskipti og til að læra hvert af öðru. Auk þessa erum við með sameiginlega skruðgöngu og móttöku á alþjóðþinginu ár hvert.

Samstarfsnefnd Norðurlanda er skipuð einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna. Hrund Hjaltadóttir fyrrverandi fjölumðæmisstjóri hefur verið ötull fulltrúi okkar í ráðinu undanfarin ár en Jón Pálmason fráfarandi fjölumðæmisstjóri tók við af henni í haust. Nefndin heldur nokkra símafundi á ári og hittist á NSR þinginu. Hún vinnur undirbúningsvinnu og að gerð tillagna fyrir fundi fjölumðæmisstjóranna. Fundir fjölumðæmisstjóra Norðurlanda eru á alþjóðþinginu, Evrópuþinginu, árlegur fundur í nóvember og á NSR þinginu. Auk þess höfum við í vetur bætt við veffundum fyrir fundi og einum í maí til þess að klára mál ársins og undirbúa fyrir næsta ár. Einnig var tekin upp sú nýjung að hafa tímasettan verkefnalista milli funda til þess að tryggja samfellu í vinnunni vegna tíðra skipta á nefndarmönnum, þ.e. hver fjölumðæmisstjóri situr bara tvö ár í nefndinni, sem vara fjölumðæmisstjóri með tillögurétt og sem fjölumðæmisstjóri með tillögu- og atkvæðisrétt.

Samstarfs verkefni Norðurlandanna núna eru tvö og bera sama heitið „Gleymdu börnin“ og snúa þau að því að gera líf sýrlenskra flóttabarna örlítið betra. Annað verkefnið er unnið í Líbanon í umsjá Norðmanna en hitt er í Tyrklandi í umsjá Svía. Það er gott fyrir okkur að fá tækifæri til þess að taka þátt í þessum verkefnum þó að litlum hluta sé, Norðurlöndin greiða eftir fjölda Lionsfélaga í löndunum og er okkar hlutur 6%. Verklök þessara verkefna er 2020 svo vinna þarf að nýjum verkefnum í ár og leggja fyrir fund á Evrópuþinginu í október.

NSR þing Norðurlandþing. Norðurlandþingin eru til skiptis í skandinavisku löndunum og að þessu sinni var það haldið í Gardemoen í Noregi. Þar voru góðar og gagnlegar umræður en þema þingsins var „fram tíð norræns Lions samstarfs“. Rætt var um alls konar möguleika á auknu samstarfi svo sem með sameiginlegum vef, hugbúnaði og jafnvel einni skrifstofu fyrir öll Norðurlöndin. Eitt voru þó allir sammála um og það var að þetta samstarf væri okkur mikilvægt. Skipaður var starfshópur um vefmálin sem skal skila af sér fyrir næsta fund í Mílanó í byrjun júlí.

Fulltrúar okkar á þinginu voru Björg Bára fjölumdæmisstjóri og maki, Ellert vara fjölumdæmisstjóri og maki, Geirprúður umdæmisstjóri A og maki, Sigfríð umdæmisstjóri B og maki, vara umdæmisstjórnir Bragi og Jóhanna með sína maka og Kristinn Hannesson LCIF stjóri og Dagný Finnsdóttir. Fjölumdæmið greiddi fyrir umdæmis- og fjölumdæmisstjóra en aðrir voru á eigin vegum. Ástæða þess að vara umdæmisstjórnir fóru með í þetta sinn var aðal umræðuefni fundarins þ.e. Framtíð NSR. Til umhugsunar er hvort ekki eigi í framtíðinni að senda verðandi umdæmisstjóra á þennan fund jafnvel í stað sitjandi umdæmisstjóra því þarna er verið að móta framtíðarvinnuna.

Kynningarmál. Kynningarmál hafa ekki verið í nógu góðu standi hjá okkur undanfarin ár. Margar skýringar eru þar á. Við erum alls ekki nógu góð í því að auglýsa út á við það sem við erum að gera hvort sem það eru okkar verkefni og styrkir eða annað starf. Það hefur verið hamrað á þessu við klúbba og félagu undanfarin ár og tel ég það vera að skila sér smátt og smátt með betri skilningi á vægi kynningar. Einnig hefur verið aukin innri kynning en það sem stendur okkur fyrir þrifum er að við náum ekki nógu vel til allra félaga. Lestur Lionsblaðsins er ekki nógu almennur, aðeins hluti okkar fólks er virkt á Lions mál eða á vefnum okkar og svo er nokkuð stór hluti okkar félaga skráður með rangt netfang. Þetta er verkefni til næstu ára að laga.

Kynningardagurinn 8.mars.sjá nánar í Konur í Lions.

Í ár sóttum við um kynningarstyrk til LCI sem við og fengum 15.000 dollara og var það fé notað til kynningar á Rauðu fjaðrar verkefninu okkar. Sett var upp kynningaráætlun sem byrjaði á samfélagsmiðlum en fór svo í aðra miðla. Tel ég að sú kynning hafi tekist mjög vel og hafi vakið athygli á okkar góða starfi en ekki bara Rauðri fjöður. Björn Guðmundsson fráfarandi umdæmisstjóri er kynningarstjóri.



Lions vefurinn. Við höfum farið í nokkra naflaskoðun vegna vefsins. Rætt var um hvernig uppsetning hans væri sem best og er sú vinna enn í gangi. Á árinu var sett inn sölugátt þar sem bæði er hægt að kaupa minningarkort og vörur frá skrifstofunni. Einnig var sölunappur settur á síðuna fyrir Rauða fjöður. Vel hefur gengið að koma inn nýjum fréttum á vefinn og uppfæra viðburðadagatal. Einnig hefur verið unnið töluvert í því að koma upplýsingum á innri vefinn fyrir okkur félagana. Allt á réttri leið og verður unnið áfram á þessum nótum. Netstjóri er Sigurður Steingrímsson Lkl. Vitaðsgjafa en með honum eru Sigríður Guðmundsdóttir Lkl. Úu frá B og Björgúlfur Þorsteinsson Lkl. Hafnarfjarðar frá A umdæmi.

Facebook. Bæði facebook síða fjölumdæmisins og Lions mál hafa verið mjög virkar og þar koma stöðugt inn fréttir og tilkynningar. Í byrjun árs var umdæmissíðunum lokað og er nú bara ein opin síða á vegum fjölumdæmisins og svo Lions mál sem er lokaður vettvangur félaga. Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfum, menningarstjóri hefur séð um síðurnar með myndarbrag þetta árið.

Lionsblaðið. Töluverðar breytingar hafa verið á blaðaútgáfunni í vetur. Gefin eru út sex blöð á ári en aðeins fjögur á prenti, hin tvö eru eingöngu netblöð samkvæmt tilmælum frá LCI. Allir félagar fá blaðið sent í tölvupósti við útgáfu auk þess sem hægt er að nálgast það á vefnum okkar og í sérstöku appi Lions Magazine Ísland. Á síðasta ári var hætt að senda blaðið út á hvern og einn féлага vegna sparnaðar og voru blaðapakkar útbúnir á alla klúbba, sent út á land en klúbbar á höfuðborgarsvæðinu sóttu sína á Lionsskrifstofuna. Ekki voru nógu góðar heimtur á pökkunum og áttu sumir tvo og jafnvel þrjá bunka ósóttta. Einnig heyrðum við frá félögum sem ekki höfðu fengið blöðin sín í gegnum stjórnir klubbanna. Við ákváðum að gera tilraun næsta ár þannig að félögum gefst kostur á að fá prentað blað sent heim gegn gjaldi en allir aðrir fá það sent í tölvupósti og geta að sjálfsögðu líka nálgast það á vefnum og í appinu. Þegar þetta er skrifað er ekki komin niðurstaða úr þessari könnun en það sem komið er sýnir að aðeins lítill hluti félaga óskar eftir prentuðu blaði.

Vel hefur gengið að fá efni í blaðið og eru klúbbar duglegir við að senda inn fréttir og er von mín sú að þeir séu eins duglegir að setja þær í staðarblöðin. Einnig hafa umdæmis- og fjölumdæmis fulltrúar verið iðnir við skrif og svo ber okkur að hafa þýddar greinar frá LCI í hverju blaði. Ritstjóri er Þorkell Cýrusson fyrrverandi umdæmisstjóri.

Félagamál. Félagamálin verða ávallt okkar aðal mál, það er mjög mikilvægt að félögum líði sem best í Lions. Við höfum verið að stríða við of mikið gegnumstreymi félaga sem við þurfum að koma böndum á. Þar tel ég að okkar helsta vörn sé sú að láta öllum líða vel í klúbbunum, að þeim finnist að á þá sé hlustað og þeim séu falin verkefni við hæfi. Vð þurfum líka að vera duglegri við að

kynna starfið í okkar skemmtilegu klúbbum. Félagamálin eru langtíma verkefni sem enginn einn vinnur og byggist á stuðningi við klúbba í vanda.

Mikið hefur verið unnið í félagamálum á starfsárinu. Haldnir hafa verið kynningarfundir og farið í klúbba sem eiga erfitt uppdráttar. Í flestum tilvikum hefur tekist vel til og er helst að nefna nýja kvennadeild í Lkl. Vitaðsgjafa, Sif sem stofnuð var í lok ársins sem vonandi verður fullgildur klúbbur innan tíðar. Einnig hafa verið kynningarfundir í klúbbum sem leitt hafa til fjölgunar og er það gott og til eftirbreytni. Aðrir klúbbar hafa kynnt sig með öflugu og skemmtilegu starfi og þangað streymt nýir félagar. Það er tilfinning mín að við séum á réttri leið og vonandi í meðbyrnúna.

Hlutfall kvenna í Lions á Íslandi hefur sveiflast nokkuð síðustu ár. Núna er staðan þokkaleg, um 28% Lionsfélaga á landinu eru konur, töluvert færri þó í A umdæmi eða 20% á meðan þær eru 38% félaga í B umdæminu. Þó ber að athuga að Lionessur eru ekki skráðar í félagafjölda á LCI en þær eru um 50 í A umdæminu. Vel miðar okkur í leiðtogastörfum því 50% umdæmisstjóra nú eru konur og það sama verður uppi næsta starfsár. Þeir sem bjóða sig nú fram til annars vara umdæmisstjóra eru konur, Þórey B. Guðmundsdóttir Lkl. Eir í A umdæmi og Anna Blöndal í Lkl. Ylfu í B umdæmi. Þess ber einnig að geta að í fyrsta sinn í heiminum er umdæmisstjóraráð skipað bara konum, sem sagt fjölumdæmisstjóri og umdæmisstjórar þessa árs. Svo við tölum nú ekki um demantinn okkar, alþjóðaforsætann Guðrúnu Björt.

Nánar má lesa um félagamál í skýrslum umdæmisstjóranna. Félagastjóri er Jón Gröndal fyrrverandi fjölumdæmisstjóri og með honum eru í A umdæmi Jón Pálmason fráfarandi fjölumdæmisstjóri og í B umdæmi Björn Guðmundsson fráfarandi umdæmisstjóri.

Konur í Lions. Konur í Lions eru hluti af félagateyminu. Hrund Hjaltadóttir fyrrverandi fjölumdæmisstjóri er fyrir fjölumdæmið, Sesselja Guðrún Sigurðardóttir úr Kaldá frá A og Anna Blöndal frá Ylfum í B.

Eins og undanfarin ár héldu þær konukvöld/Góugleði í Haukahúsinu 8.mars sem kom nú upp á föstudegi. Flott dagskrá með Raket Pálsdóttur söngkonu og Þórunni Lárusdóttur veislustjóra og söngkonu svo ekki sé minnst á Lionsbandið sem spilaði fyrir dansi. Undanfarin ár hefur aðsóknin verið þetta 100 til 120 konur en nú vildi svo til að ekki seldust nema rétt 50 miðar þrátt fyrir þessa flottu dagskrá, virkilega svekkjandi þegar mikil vinna liggur að baki í undirbúningi. Ákveðið var að blása viðburðinn ekki af heldur leyfa þessum fimmtíu konum að njóta góðrar skemmtunar. Skemmst er frá því að segja að stemningin var dúndrandi fín. Við erum helst á því að konur séu eitthvað heimakærar um helgar en vonum svo sannarlega að undirtektir verði betri að ári.

Fyrir norðan náðu þær Anna Blöndal Ylfa og Anna Sigríður Halldórsdóttir svæðisstjóri að komast í föstudagsþátt 8.mars, hjá sjónvarpsstöðinni N4. Flott spjall um Lions á Íslandi og frábær kynning.



Leiðtoga- og fræðslumál. Fræðslumálin hafa verið í góðum farvegi hjá okkur undanfarin ár. Í ár förum við stýrur þess á leit við fræðsluteymið að skólar á þinginu yrðu styttr eins og áður var greint frá. Það er mjög mikilvægt að fólki finnist það nýta tíma sinn vel og fái mikið út úr því að sitja námskeiðin. Fræðsluteymið tók þessum óskum okkar vel og fór í allsherjar uppstokkun á námsefninu og er ég viss um að það mun vekja ánægju verðandi leiðtoga klúbba og svæða.

Fræðsla verðandi umdæmisstjóra fer að hluta til fram hér á landi og hefur það verið tilfinning umdæmisstjóra að við séum með bestu skólana hér á Norðurlöndunum, sem sýnir sig í því að fólk er vel undirbúið þegar það kemur í loka skólann á alþjóðþinginu.

Leiðtogaskólinn er stoltið okkar. Þaðan fara allir margs vísari og öflugri til að taka að sér leiðtogastörf á klúbba- svæðis- eða umdæmisstigi, eða bara í vinnu og á heimilinu. Frábær skóli sem allir ættu að nýta sér.

Allt um Lions er námskeið sem haldið hefur verið í vetur í stað nýliðanámskeiðsins sem verið hefur. Haldin hafa verið nokkur námskeið bæði í Kópavogi og út um land, einnig minni námskeið sem farið er með inn á klúbbfundi. Ný og góð nálgun sem að öllum líkindum verður áfram. Auk þessa hefur verið farið í klúbbheimsóknir með aðra fræðslu.

Tíu kennslumyndbönd eru nú aðgengileg inni á innri vefnum okkar og eru þau góð viðbót við aðra fræðslu. Þetta eru stutt og hnitmiðuð námskeið sem ættu að hjálpa almennum félögum við að komast inn á alþjóðavefinn og appið og stjórnnum klúbba við skýrsluskil og uppfærslur á MyLCI. Þessi myndbönd eru; Að skrá sig inn á MyLion, Skráning viðtakandi stjórnar, Skráning félaga, Mánaðarskýrslur, Skráning nýrra félaga, Umsýsla félaga, Verkefnaskýrslur, Skráning inn á MyLCI, Breyting á upplýsingum um klúbbinn, Endurkoma, úrsögn og flutningur félaga. Guðjón Andri Gylfason Lkl.Hæng hefur gert þessi myndbönd sem eru frábær nýjung og fær hann bestu þakkir fyrir.

Halldór Kristjánsson er sem áður fræðslustjóri, Eggert Levý fylltrúi í A umdæmi og Guðjón Andri Gylfason í B umdæminu en hann hefur komið inn með ferskan straum og mikla orku til góðs fyrir teymið.

Verkefnin. Verkefnin eru ólík og mörg hjá klúbbum og þörf á að endurnýja þau þegar þau renna sitt skeið. Í smíðum er verkefnabanki sem stendur til að setja á innri vefinn okkar þar sem klúbbar geta fengið hugmynd að nýjum verkefnum.

Rauð fjöður. Á umdæmisþinginu 2018 í Reykjanesbæ var ákveðið að fara í söfnun undir merkjum Rauðrar fjaðrar fyrstu helgina í apríl 2019 eða á sama tíma og alþjóðastjórn hélt fund sinn hér í Reykjavík. Þar var einnig ákveðið að safnað yrði fyrir einhverju sem flokka mætti innan okkar fimm verkefnaflokka. Á fundi í nóvember var ákveðið að söfnunin yrði til styrktar sykursjúkum börnum sem kom svo í ljós að var ekki fýsilegt því það sem þar vantar er í formi mannafla sem ekki þykir söluvænlegt. Því var lagst í mikla vinnu við að finna rétt og verðugt verkefni innan okkar fimm verkefnaflokka. Með samvinnu við innkirtladeild á Landsspítala og þjónustumiðstöð blindra var ákveðið að safna fyrir tveimur OCT augnbotnaskönnum sem er ný tækni sem mun nýtast sykursjúkum við forvarnir á innkirtladeild og blindum og sjónskertum á þjónustumiðstöðinni. Skipuð var nefnd í verkefnið þar sem Björn Guðmundsson fráfarandi umdæmisstjóri er formaður og aðrir í nefndinni Pétur Jónsson úr Víðarri, Kristín Davíðsdóttir frá Úu, Einar Bjarnason Lkl.Grindavíkur, Elín Hermannsdóttir Æsu og Bragi Ragnarsson úr Mosfellsbæ. Hörkunefnd sem er búin að vinna þrekvirki núna í apríl. Ljóst er á þessari stundu að takmarkið náðist, að fá fjármagn fyrir þessum tveimur vélum. Björn formaður mun gera grein fyrir söfnuninni á þingfundinum en stefnt er að lokauppgjöri og afhendingu í maí.

Lestraráttak. Lestraráttakið hefur verið eitt af flaggskipum okkar. Þar hefur verið unnið mjög gott starf sem tekið er eftir, í samstarfi við Ibby á Íslandi, Námsgagnastofnun og fleiri. Virkileg þörf er á svona verkefni. Það hrukku margir í kút yfir þeim fréttum að stór hluti 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns. Upphaflegt lestrarátaks verkefni er til 10 ára, hófst 2012. Það sem unnið hefur verið að eru bókamerki til 10 ára barna sem afhent er í skólum, styrkur til lestrarvina sem styðja við fjölskyldur tvítýngdra barna og nú í haust til viðbótar í samvinnu við Námsgagnastofnun, dreifing á lestrarhvetjandi efni til leikskóla. Dagný Finnsdóttir úr Úu er frá fjöllumdæminu, Jórunn Guðmundsdóttir úr Ýr frá A en Hrund Hjaltadóttir fyrrverandi fjöllumdæmisstjóri frá B.

Lkl. Ylfa á Akureyri hefur einning staðið að lestrarátaks verkefni sem felst í því að þær aðstoða nýja Íslendinga við íslenskunám og lestur á Amtbókasafni bæjarins vikulega yfir vetrar mánuðina.

Retina Risk. Lionsshreyfingin á Íslandi hefur gengið til samstarfs við fyrirtækið Retina Risk, sem framleiðir smáforritið Retina Risk, en það gerir sykursjúkum kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu þeirra á að þróa með sér augnsjúkdóma sem geta leitt til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Lions á Íslandi mun kynna þetta ókeypis smáforrit, maður á mann, t.d. í tengslum við blóðsykursmælingarnar og önnur tækifæri sem gefast. Fyrsta skrefið er að Lionsfélagar kynni sér hvaða möguleika forritið býður upp á og síðan er ætlunin að hefjast handa við kynningar út á við, frá og með næsta hausti.

Gleraughnasöfnun. Október er mánuður sjónverndar og af því tilefni vorum við með tilrauna verkefni sem var gleraughnasöfnun. Fjölmargir Lionsfélagar fundu í fórum sínum gleraugu sem þeir höfðu ekki not fyrir lengur auk þess sem Echo heildsala gaf töluvert magn af nýjum gleraugum.



Verkefnið gekk vonum frammar en alls söfnuðust tæplega 10.000 gleraugu. Verkefnateymið fékk Ingólf Kristmundsson, svæðisstjóra og féлага hans í Lionsklúbbi Kópavogs til að ganga frá gleraugunum til flutnings og semja við flutningsaðila. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Lionsvini okkar í Danmörku en þeir hafa árum saman sent gleraugu til nýrra eigenda í Afríku.

Á sjónverndardaginn 11. október, stóðu Lions og Blindrafélagið fyrir dagskrá í sal Blindrafélagsins. Þar var m.a. flutt áhugavert erindi um aldurstengda hrörnun í augnbotnum.

Sykursýkisverkefni. Mörg undanfarin ár hafa íslenskir Lionsklúbbar staðið fyrir forvarnarverkefni í sykursýki í nóvember ár hvert. Sífelld fleiri klúbbar bætast í hópinn. Lionsfélagar eru í verslunar miðstöðvum og á fjölförnum stöðum og mæla þar blóðsykur og blóðþrýsting gesta og gangandi. All mikill fjöldi nýtir sér þessa þjónustu og er þó nokkur hópur fólks sendur til frekari skoðunar á sína heilsugæslustöð. Verkefnið kynnir Lions vel og á jákvæðan hátt auk þess sem við erum að vinna að einu af okkar fimm forgangs verkefnum.

Umhverfismál. Eitt af okkar fimm aðal verkefnum er umhverfismál. Margir klúbbar stunda hreinsun á víðavangi og enn fleiri gróðursetningu og eiga jafnvel sína eigin skógarreiti. Norrænt strandhreinsi verkefni verður svo fyrsta laugardag í maí og munu margir Lionsfélagar taka þátt í því.

Ungmennaskipti. Ungmennabúðir voru haldnar á svæði 1-2 í B umdæminu í júlí. Fyrri vikan var í Borgarnesi í umsjón klúbbanna þar en sú seinni í Mosfellsbæ í umsjón klúbbanna þar með aðkomu Foldar. 11 ungmenni komu víðs vegar að úr Evrópu og skemmtu sér konunglega enda vel um þau hugsað. Áður höfðu þau dvalið hjá fjölskyldum víðs vegar um land. Ein stúlka frá Japan kom svo í ágúst og dvaldi á einkaheimili. Fimm íslensk ungmenni fóru á okkar vegum í unglingsbúðir í Evrópu. Ungmennaskiptastjóri er Brynja Vigdís Þorsetinsdóttir úr Æsu en Pálmi Hannesson úr Garði sér um þau sem fara utan.

Meningarmál. Aðalverkefni menningarstjóra er að sjá um Orkester Norden sem felst í því að afla fjár meðal klúbba til að styrkja för íslenskra ungmenna í æfingabúðir Orkester Norden. Einnig að taka við umsóknum og vísa þeim til ON til úrtaks. Síðasta sumar fóru fjögur ungmenni á okkar vegum í ON. Gerður Jónsdóttir frá Lkl. Ylfu hefur verið menningarstjóri undanfarin ár.

Orkester Norden hélt tónleika á Íslandi í ágúst, í fyrsta sinn á þessari öld. Einleikari með hljómsveitinni var Víkingur Heiðar Ólafsson sem nú er orðinn heimsfrægur píanisti en hann er einn af þeim „krökkum“ sem hafa farið á okkar vegum í ON búðirnar. Hljómsveitin fékk góða dóma í fjölmiðlum.

Medic Alert. Medic Alert hefur verið rekið sem sérstakt fyrirtæki á vegum Lions á Íslandi í all mörg ár. Þetta eru merki sem fólki býðst að kaupa sér til merkingar sem tengt er gagnagrunni heilbrigðiskerfisins svo viðkomandi fái þar rétta meðferð strax við komu. Á merkið er sett sjúkdómar, ofnæmi og fleira sem þarf. Töluverð vinna er við utanumhald, upplýsingagjöf, gröft á merkin og fleira og hefur hluti verið unninn í sjálfboðastarfi af Lionsfólki en annað á Lionsskrifstofunni. Nú er verið að vinna að því að finna út rauntíma starfsmanna á skrifstofu við MA og í framhaldi er áætlað að MA greiði raunkostnað. Ný stjórn var skipuð í haust. Laufey Jóhannsdóttir úr Eik er formaður, Margrét Jónsdóttir og Anna Kristín úr Fold og Stefán Árnason úr Vitaðsgjafa eru einnig í stjórn.

LCIF. Alþjóðahjálparsjóðurinn okkar er 50 ára á þessu starfsári og í haust var blásið til átaks sem nefnist Campaign 100. Af því tilefni var sett það markmið að safna 5.000 kr. fyrir hvern félagi sem klúbbar jafni síðan svo heildarframlag á félagi verði 10.000 kr. á ári. Við erum því miður nokkuð langt frá því markmiði og mér er það áhyggjuefni að aðeins 70% klúbba í landinu hefur greitt í sjóðinn á þessu ári, 82% klúbba í B umdæmi en bara 62% klúbba í A umdæminu. Hér þarf svo sannarlega að bæta úr og hvet ég alla klúbba til að styrkja okkar alþjóða hjálparsjóð árlega og nú fyrir lok starfsársins. Þess má geta að Guðrún Björt fer fyrir LCIF á næsta ári sem fráfarandi alþjóðaforseti og skora ég á alla klúbba að leggja sjóðnum veglega lið á því ári.

Lions Quest. Við erum komin af stað aftur með Lions Quest en nú á nýjum nótum. Norðmenn, Ítalir og fleiri hafa mótað nýtt efni fyrir LQ sem notað er við þjálfun þjálfara hjá íþróttafélögum. Við fréttum af þessu á síðasta ári og höfum verið að vinna í þessu allt þetta starfsár. Hrund Hjaltadóttir fór á Evrópufund og kynnti sér verkefnið auk þess að fara á fund Norðmanna sem eru fremstir í þessum efnum. Við fórum síðan á fund ÍSÍ og kynntum þeim málið og voru þau mjög áhugasöm. Upp kom sú hugmynd að prufukeyra þetta á einu félagi og varð Fjölnir í Grafarvogi fyrir valinu. Nú er búið að halda kynningarfund með Fjölnis fólki og leist þeim það vel á hugmyndina að þetta er komið á vinnslustig. Við höfum fengið styrk frá LCI til þess að byrja og fá þjálfara frá Noregi. Búið er að festa dag í maí og erum við mjög spennt að byrja á þessu verkefni en Norðmenn standa þétt við bakið á okkur og hafa veitt okkur aðgang að öllu þeirra efni og þjálfurum. Hrund Hjaltadóttir á miklar þakkir skildar fyrir að koma þessu í gegn en hún er Lions Quest stjórnari. Með henni er Ingvar Viktorsson í A umdæmi og Jón Bjarni Þorsteinsson í B.

Afmæli klúbba. Á þessu starfsári hafa nokkrir klúbbar átt stórafmæli. Lkl. Blönduóss, Kópavogs og Bolungarvíkur urðu 60 ára, Búðardals og Sauðárkróks 55 ára, Vestmannaeyjar og Vitaðsgjafi 45 ára, Geysir Biskupstungum og Seltjarnarnes 35 ára. Lkl. Embla var annar kvennaklúbburinn sem var stofnaður árið 1989 og eiga þær því 30 ára afmæli og svo eiga 7 kvennaklúbbar sem áður voru Lionessklúbbar 25 ára afmæli, voru allir stofnaðir árið 1994. Það eru Lkl. Agla, Björk, Harpa, Rán, Sunna, Þernan og Ösp. Til hamingju afmælisbörn þessa árs og ég vona að þið hafið öll gert ykkur eitthvað til hátíðarbrigða á þessum tímamótum, það er alveg nauðsynlegt.



Lokaorð. Af þessum lestri má sjá að það er mikið starf unnið í Lions á Íslandi jafnvel þó við séum ekki nema rétt rúmlega tvö þúsund. Og er hér ótalið allt það góða starf sem unnið er í klúbbunum og allt það sem þeir eru að styrkja í samfélaginu. Ég er stolt af ykkur kærur Lionsfélagar nær og fjær, þið eruð frábærir dugnaðarforkar! Takk fyrir.

Fjölumdæmisráði og fulltrúum í umdæmisstjórnnum A og B þakka ég gott samstarf og góða þáttöku á fundum okkar í vetur, mér finnst við hafa unnið vel og byggt upp til framtíðar.

Ég vil þakka stýrunum mínum Geirþrúði umdæmisstjóra í A og Sigfríði í B umdæmi fyrir framúrskarandi gott samstarf og góða vináttu. Það eru forréttindi að fá að vinna með svona klárum og skemmtilegum konum. Takk! Einnig vil ég þakka eiginmönnum okkar, Sigurjóni, Haraldi og Þorkeli fyrir stuðninginn og góða samveru.

Guðrúnu alþjóðaforseta og Jóni Bjarna þakka ég fyrir allt þeirra starf, leiðsögn og vináttu og óska alls hins besta.

Ég vil þakka ykkur öllum fyrir að gefa mér tækifæri til þess að vinna sem fjölumdæmisstjóri á þessu merkisári í Lionssögunni. Þetta hefur verið stórt ár en ákaflega ánægjulegt og skilur eftir bara góðar minningar og lærdóm inn í framtíðina.

Mér finnst við öll saman hafa áorkað miklu í vetur, það er bjart yfir Lionsstarfi á Íslandi og þar er margt gott fólk sem gefur mikið af sér.

Að lokum óska ég nýjum stjórnendum velfarnaðar í starfi.

Með vináttu leggjum við lið.

Björg Bára Halldórsdóttir

Fjölumdæmisstjóri 109 Ísland

Starfsárið 2018-2019